

9. gr.

Ráðherra skipar tækninefnd orkumálastjóra til ráðuneytis. Hlutverk tækninefndar er að vera samráðsvettvangur orkumálasviðs Orkustofnunar og orkuiðnaðarins til að stuðla að samvinnu þeirra og vera ráðgefandi t.d. við undirbúning orkurannsóknáætlunar og mótun langtímastefnu í orku- og auðlindarannsóknunum. Í nefndinni skulu eiga sæti:

1. Orkumálastjóri, sem jafnframt er formaður.
2. Fulltrúi Landsvirkjunar.
3. Tveir fulltrúar Samorku.
4. Fulltrúi Rafmagnsveitna ríkisins.
5. Fulltrúi Rannsóknarráðs Íslands.
6. Fulltrúi Þjóðhagsstofnunar.

Tækninefndin skal auk þess kalla til starfa aðra í samræmi við hlutverk sitt eins og við á. Starf í tækninefndinni er ólaunað.

10. gr.

Setja skal Orkustofnun skipurit þar sem nánar er kveðið á um innra skipulag hennar. Ráðherra staðfestir skipuritið.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967. Reglugerðin öðlast gildi 1. jan. 1997. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 79 frá 29. mars 1968 um tækninefnd Orkustofnunar.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. desember 1996.

Finnur Ingólfsson.

Halldór J. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Bannað verði að leggja bifreiðum austan megin við Vogabraut á Akranesi, frá gangbraut að nyrðri enda heimavistar Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 5. desember 1996.

Kristrún Kristinsdóttir fulltrúi.